

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 28. júní 2018
UST201806-297/B.S.
10.05.04


Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Hamraneslínur 1 og 2. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 19. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Hamraneslínur 1 og 2 verða færðar til bráðabirgða fjær byggðinni á Völlum. Reist verða 8 ný möstur og verða 5 möstur í núverandi línu rifin. Lengd nýju línunnar verður um 1,5 km. Unnt er að nýta núverandi götur og slóðir sem aðkomu að möstrunum. Fyrirhuguðu línustæði hefur að hluta verið raskað. Ekki er talið að mikilvæg vistkerfi sé að finna á svæðinu. Sjónræn áhrif raflínanna minnka þar sem ný möstur verða talsvert lægri en þau sem eru í núverandi línu.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun telur að í greinargerðinni sé gerð fullnægjandi grein fyrir framkvæmdinni og þeim valkostum sem fyrir hendi eru.


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri